

120. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn fimmtudaginn 15.09. 2016, kl. 20.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Anton Ragnarsson formaður,  
Þóra Olsen,  
Pétur Pétursson,  
Fríða Sveinsdóttir,  
Alexander F. Kristinnsson,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 20.06. 2016, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 119. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 376, dags. 24.08., nr. 377 dags. 21.09., nr. 378 dags. 23.10., nr. 379 dags. 16.11. og nr. 380 dags. 14.12. 2015. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 04.05. 2016, varðandi boðun á 40. Hafnasambandsþing sem haldið verður á Ísafirði 13. – 14.10. 2016. Formaður lagði fram tillögu um að eftirtaldir mæti á þingið.

Aðalmenn: Björn Arnaldsson hafnarstjóri,  
Kristinn Jónasson bæjarstjóri,  
Anton Ragnarsson formaður hafnarstjórnar.

Varamenn: Þóra Olsen,  
Pétur Pétursson,  
Fríða Sveinsdóttir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Tölvupóstur frá Hafnasambandi Íslands dags. 19.08. 2016. Meðfylgjandi eru drög að stefnumörkun fyrir Hafnasamband Íslands sem stefnumótunarnefnd Hafnasambandsins vann. Er óskað eftir að umsagnir berist fyrir 16.09. 2016. Hafnarstjóri fór yfir og kynnti helstu atriði í drögunum. Samþykkt samhljóða að gera ekki athugasemdir við drögin.
5. Bréf frá Vegagerðinni dags. 24.08. 2016, varðandi tilboð í verkið “Rifshöfn – endurbygging Norðurkants 2016.” Tilboð í þetta verk voru opnuð dags. 16.08. 2016. Eftirfarandi tilboð bárust.

1. Hagtak h.f. Hafnarfirði,	kr. 137.250.000.-	83.0%
2. Stafnafell ehf. – Þorgeir ehf. Snæfellsbæ,	kr. 137.340.813.-	83.1%
3. Ísar ehf. Kópavogi,	kr. 145.850.000.-	88.2%
Kostnaðaráætlun verkkaupa,	kr. 165.282.500.-	100.0%

Fram kemur í bréfinu að Vegagerðin hafi yfirfarið tilboðin og leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Hagtak h.f. á grundvelli tilboðsins. Samþykkt samhljóða að ganga til samninga við lægstbjóðanda og hafnarstjóra falið að undirrita verksamning.

6. Bréf frá Fiskistofu dags. 31.08. 2016, varðandi umsókn frá Fiskmarkaði Snæfellsbæjar ehf. dags. 31.08. 2016, um endurvigtunarleyfi í starfsstöð félagsins að Ennisbraut 34, Ólafsvík. Í bréfinu er óskað eftir umsögn hafnarstjórnar. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við að Fiskmarkaði Snæfellsbæjar ehf. verði veitt umbeðið leyfi. Samþykkt samhljóða.
7. Rætt um varúðarmerkingar á hafnarsvæðum Ólafsvíkurhafnar og Rifshafnar. Samþykkt samhljóða að setja upp varúðarmerkingar við Norðurtanga í Ólafsvík og við Hafnargötu í Rifi.
8. Rætt var um makríldauða í Rifshöfn, en makríll kom inn í höfnina þann 08.09. 2016, kl. 16.00 og tók upp á því að drepast. Hafnarstjóri hafði sama dag samband við útibússtjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsóknna – og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna í Ólafsvík sem kannaði málið strax.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.50

Anton Ragnarsson formaður.

Þóra Olsen.

Pétur Pétursson.

Alexander F. Kristinnsson.

Fríða Sveinsdóttir.

Björn Arnaldsson hafnarstjóri.